



## Verkfræðingafélag Íslands

Innviðaráðuneyti  
Sölvhólsstötu 7  
101 Reykjavík  
irn@irn.is (Umsögn skilað í Samráðsgátt).

### Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2023-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) hefur tekið til umsagnar þingsályktunartillögu innviðaráðherra um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028

Áður en kemur að efnislegri umsögn vill VFÍ benda á að uppsetning á þingsályktunarskjalinu sjálfu er óreiðukennd og gerir erfitt um vik að fylgja þræði skjalsins. Sem dæmi þá birtist efnisyfirlit á blaðsíðu 45 sem er mögulega merki um að tillögunni er ætlað til að vera í tveimur pörtum. Engin greinileg kaflaskipti eru þó í upphafi skjals og titlar ónúmeraðir. Framtíðarsýn er sett fram á tveimur stöðum í skjalinu (bls 1 og 44) en er ekki samhljóma. Allir hlekkir á fylgiskjöl í lok skýrslu leiða inn á röng skjöl. Til þess að ná markmiði stjórnvalda með samráðsgátt um að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, verður að gera þá lágmarkskröfu til stjórnvalda að skjöl til umsagnar séu betur unnin.

#### Lykilviðfangsefni

Hvað varðar efnislega umsögn þá er VFÍ sammála lykilviðfangsefnunum þrettán sem sett eru fram í tillögunni en saknar þess að sjá ekki einnig lykilviðfangsefni sem snýr að nýsköpun og tækni. Við stöndum nú þegar á þröskuldi fjórðu iðnbyltingarinnar sem einkennist af hröðum umbreytingum á samfélagsgerð og hegðun sökum tækninýjunga, sjálfvirknivæðingar, samtengingar og gervigreindar. Þess vegna er gagnrýnivert að þessi málaflokkur sé ekki eitt lykilviðfangsefna í samgönguáætlun næstu fimmtán árin.

Loftslagsmál eru eitt af stærstu viðfangsefnum samtímans og fagnar VFÍ því að sjá þau nefnd undir eftirtöldum lykilviðfangsefnum:

7. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum.
8. Aðlögun samgöngumannvirkja að loftslagsbreytingum.
9. Samdráttur í staðbundnum umhverfis- og lýðheilsuáhrifum samgangna.
10. Efling almenningsamgangna um land allt.
11. Breyttar ferðavenjur.

VFÍ saknar þess engu að síður að sjá ekki loftslagsmál sem undirliggjandi viðfangsefni í öllum þáttum samgönguáætlunar.

#### Meginmarkmið

Í lögum um samgönguáætlun stendur að við gerð hennar skuli meðal annars byggja á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar, umhverfislega sjálfbærar auk

Þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðapróun. Í lögnum er ekki talað um að eitthvað eitt markmið sé mikilvægara en annað en í drögum að samgönguáætlun 2024-2038 er röðunin þessi:

1. Markmið um greiðar samgöngur.
2. Markmið um öruggar samgöngur.
3. Markmið um hagkvæmar samgöngur.
4. Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
5. Markmið um jákvæða byggðapróun.

Erfitt er að túlka þessa röðun öðruvísi en á þann veg að efst á lista sé markmið um greiðar samgöngur, þrátt fyrir að í lögum um samgönguáætlun sé ekki nefnt að eitt markmið sé mikilvægara en annað. Vandkvæðið við að setja greiðar samgöngur efst á blað er að slíkt markmið stangast oft á við markmið um öruggar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar samgöngur. VFÍ leggur því til að lög um samgönguáætlun verði endurskoðuð á þann veg að í stað markmiðs um greiðar samgöngur komi markmið um hreyfanleika (e. Mobility). Markmið um hreyfanleika leggur minni áherslu á umferðarhraða og meiri áherslu á aðgengi milli staða og samræmist því betur öðrum markmiðum samgönguáætlunar um öruggar og umhverfislega sjálfbærar samgöngur heldur en markmið um greiðar samgöngur gerir í dag.

Ríkisstjórn Íslands stefnir að því að nýskráning bensín og díselbifreiða verði óheimil árið 2030 og hvetur VFÍ því ríkisvaldið til að gera markmiði um umhverfislega sjálfbærar samgöngur hærra undir höfði. Samgönguáætlun virðist vera full varfærin þegar kemur að ýmsum mælanlegum markmiðum og má þar nefna markmið um að hlutfall hreinorkubíla aukist úr núverandi 14% upp í 28% árið 2028 (tafla 15 bls 49). VFÍ bendir á að það er ríkisvaldsins að stíga ákveðið til jarðar með hagrænum hvötum til að ná markmiði Íslands um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Pungaflutningar um landið hafa aukist töluvert á síðustu árum með tilheyrandi álagi á vegakerfið. VFÍ vill hvetja ríkisvaldið til þess að kanna hvort grundvöllur sé til staðar að færa landvöruflutninga yfir á sjó vegna fyrirsjáanlegra orkuskipta í minni flutningaskipum.

### **Grunnet samgangna**

Á bls. 9-12 í samgönguáætlun er skilgreint grunnet samgangna fyrir flugvelli, hafnir, vegi og ferjur. VFÍ saknar þess að sjá ekki grunnet almenningssamgangna og grunnet hjóla- og göngustíga skilgreint á sama hátt.

Þrátt fyrir að grunnet almenningssamgangna sé hvergi skilgreint gerir samgönguáætlun ráð fyrir styrk til almenningssamgangna á næstu fimm árum upp á rúma sjö milljarða á landsbyggðinni (1,4 mia á ári) og rúma 4,5 milljarða (0,9 mia á ári) á höfuðborgarsvæðinu. Þessir styrkir fara í rekstur almenningssamgangna. Auk þessa er gert ráð fyrir að um 40 mia króna fari í framkvæmdir vegna Borgarlínu á næstu fimm árum. Það er því ljóst að ríkisvaldið er nú þegar stór þáttakandi bæði í framkvæmdum og rekstri almenningssamgangna á Íslandi og er það vel. Það skýtur því skökku við að ekki virðist vera til skilgreindur rammi utan um almenningssamgöngur á Íslandi og hvetur VFÍ ríkisvaldið til þess að gera þar bragarbót á.

Hvað varðar skilgreiningu á grunneti hjóla- og göngustíga þá er í 27. gr. vegalaga tekið fram að í samgönguáætlun sé heimilt að veita fé til almennra hjóla- og göngustíga meðfram umferðarmestu þjóðvegum. Í samgönguáætlun er jafnframt gert ráð fyrir að nota 13,2 mia króna í hjóla- og göngustíga fram til ársins 2038 (þar af 8,2 mia vegna samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins) og víða nefnt mikilvægi þess að stefna að breyttum ferðavenjum. VFÍ hvetur því ríkisvaldið til þess að skilgreina einnig grunnet hjóla- og göngustíga á Íslandi.

Með skilgreindu grunnneti almenningsgangna og grunnneti hjólreiða- og göngustíga verður stefnumörkun markvissari til framtíðar og ákvarðanatoka og fjárveitingar gegnsærri.

### **Undirbúningsvinna samgönguverkefna**

VFÍ fagnar því að Innviðaráðuneytið og Vegagerðin hafa tekið upp gerð félagshagfræðilegra greininga við undirbúningsvinnu samgönguverkefna. Mikilvægt er að ákvarðanir um kostnaðarsöm verkefni byggji ekki eingöngu á byggðarstefnu heldur einnig faglegum og fjárhagslegu rökum. VFÍ vill engu að síður benda á að félagshagfræðileg greining er einungis eitt skref í undirbúningsvinnu við samgönguverkefni og hvetur ríkisvaldið til þess að skoða aðferðarfræði nágrannalanda okkar við greiningarvinnu og tileinka sér samskonar vinnubrögð. Má sem dæmi nefna á aðferðarfræði frá Bretlandi sem nefnist Infrastructure Business Case: International Guidance:

[https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment\\_data/file/1062669/Infrastructure\\_Business\\_Case\\_International\\_Guidance.pdf](https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/1062669/Infrastructure_Business_Case_International_Guidance.pdf)

Að lokum fagnar VFÍ því sérstaklega að sjá markmið um að leggja mat á kolefnisspor framkvæmda í samgöngugeiranum.

*Reykjavík, 31. júlí 2023.*

*Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.*